

Þriðjudaginn 15. desember 1992.

Nr. 439/1992. **Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar**
 gegn
þinglýsingarstjóranum í Reykjavík.

Kærumál. Þinglýsing. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru, móttekinni í héraðsdómi Reykjavíkur 7. desember 1992. Kærður er úrskurður héraðsdóms 9. nóvember 1992, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um breytingar á úrlausn þinglýsingarstjórans í Reykjavík varðandi þinglýsingu uppboðsafsals fyrir bifreiðageymslu við Vindás 1-3, Reykjavík. Sóknaraðili móttók endurrit úrskurðarins 24. nóvember 1992.

Sóknaraðili gerir eftirfarandi kröfur:

„1. Að lagt verði fyrir þinglýsingarstjóranum í Reykjavík að afmá af þinglesinni eignarheimild sóknaraðila að bifreiðageymslu að Vindási 1 til 3, Reykjavík, eftirfarandi athugasemd:

„Ekki er vitað hve mörgum bílastæðum Bygging hefur þegar gefið afsal fyrir.“

2. Að lagt verði fyrir þinglýsingarstjóranum í Reykjavík að þinglýsa uppboðsafsali til sóknaraðila, út gefnu 5. febrúar 1991 af uppboðsrétti Reykjavíkur, án fyrirvara um eignarheimild Bygging, að einstökum bílastæðum.

Loks er krafist kærumálaskostnaðar úr hendi þinglýsingarstjórans í Reykjavík, ...“

Krafa sóknaraðila í héraði var sú:

„... að athugasemd sýslumanns skuli afmáð þannig, að Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar fái athugasemdalaus þinglýsingu uppboðsafsals síns fyrir bifreiðageymslu við Vindás 1-3, Reykjavík, ...“.

Athugasemdin, sem krafist var í héraði, að afmáð yrði, er þessi: „Fyrirvari er gerður um eignarheimild Bygging að einstökum bílastæðum.“ Hinn kærði úrskurður fjallar um þessa athugasemd.

Af framanskráðu verður ekki annað ráðið en aðrar kröfur séu gerðar hér fyrir dómi en uppi voru hafðar í héraði og grundvelli málsins sé þannig raskað. Ber þegar af þeim ástæðum að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Það athugast, að af gögnum málsins verður ekki ráðið, hvort þinglýsingarstjóranum í Reykjavík hefur verið kynnt fram komin kæra til Hæstaréttar og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Kæru sóknaraðila er vísað frá Hæstarétti.
